

BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um langtímaveikindi á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði - R19060234

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um langtímaveikindi starfsmanna sem heyra undir Velferðarsvið og Skóla- og frístundarsvið. Óskað er upplýsinga um hve margir starfa á sviðunum hvor um sig og hvað margir af þeim hafa veikst til langs tíma, annars vegar þeirra sem starfa undir Velferðarsviði og hins vegar Skóla- og frístundarsviði, helstu ástæður, gróflega flokkað og tímabil veikindanna. Fram hefur komið í fréttum að á árunum 2009-2017 varði Reykjavíkurborg samtals um 5,3 milljörðum (miðað við verðlag 2018) í langtímaveikindi starfsmanna, aðeins á skóla- og frístundasviði.